

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2221  
komudagur 4.S. 2011

Til nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2011

### Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Félags íslenskra heilsunuddara tekur undir með skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla og fagnar því að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Mikilvægt er að kveðið sé á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna í nýjum lögum.

Nuddfélagið hvarmar hins vegar að hvorki heilsunuddarar né heilbrigðisritarar séu í upptalningunni um heilbrigðisstarfsmenn í **3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta** og óskað er eftir rökum á hvaða forsendum svo er.

Sem dæmi spannar nám í heilsunuddi alls 4 ár og telur 121 einingu á framhaldsskólastigi, sem er hliðstætt við sjúkraliðanám.

Báðir aðilar sem að málinu koma, þ.e Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Félag íslenskra heilsunuddara eru tilbúnir til umræðna um að lengja eða betrumbæta námið út frá viðmiðum heilbrigðiráðuneytis og stuðla þannig að því að bæði heilsunudd og heilbrigðisritun fái löggildingu inn í heilbrigðiskerfið.

Félag íslenskra heilsunuddara óskar eftir fundi við heilbrigðisnefnd Alþingis til að fara yfir stöðu mála og finna lausnir á málum.

Virðingarfyllst,



Víðir Þór Þrastarson

Formaður Félags íslenskra heilsunuddara